

Sigurðar Jónssonar 4 kr., og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 10/1875:

Rjettvisin
gegn

Sigurði Sigurðssyni.

Dómur.

Með dómi, upp kveðnum fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu 26. febrúar þ. á., er hinn ákærði Sigurður Sigurðsson, vinnumaður á Refsteinsstöðum, dæmdur í 4 króna sekt og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 krónur í málsvarnarlauð til svaramanns síns í hjerði, og er þessum dómi áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann 19. sept. f. á., er hann var staddur í fjárrjett í Sigríðarstaðahólum í Þverárhreppi, hafi beitt líkamlegu ofbeldi við Sigurð hreppstjóra Sigurðsson í Klömbur, er var þar við rjettina, til þess samkvæmt sýslun sinni að sjá um, að allt færi skipulega fram, og var hið umgetna líkamlega ofbeldi í því fólgið, að hinn ákærði fyrst við rjettardyrnar, þegar hreppstjórinn stóð þar til að sjá um innrekstur fjárens, ýtti við hreppstjóranum eða hratt honum, svo að hann hrasaði eða datt, og seinna, þegar hreppstjórinn stóð uppi á einum dilkveggnum til að sjá þaðan, hvernig innreksturinn gengi, ýtti ákærði í bakið á honum, svo að hreppstjór-

inn hraut inn af dilkveggnum og datt á höfuðið eða hrammana niður í dilkinn. Þessar tiltektir ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, virðist undirdómarinn rjettilega hafa heimfært undir 101. sbr. 99. gr. hegningarlaganna, og með því hreppstjórninn með röngu atferli sínu, þar sem hann áður, að því er virðist fyrir litlar eða engar sakir, hafði gefið hinum ákærða utan undir og skipað honum að fara til fíandans, hafði gefið tilefni til þess, sem gjört var, þá virðist hegning hins ákærða hæfilega metin af undirdómaranum með hliðsjón af 103. grein hegningarlaganna til 4 króna sektar, er renni í landssjóð, og ber því að staðfesta undirrettardóminn í heild hans, sjer-staklega að því, er snertir málskostnað í hjeraði. Svo ber hinum ákærða og að borga allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrettarins dómur á óraskaður að standa. Hinum ákærða Sigurði Sigurðssyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.